

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 98/74/EB

frá 1. október 1998

um breytingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan bandalagsins(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAG-
ANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/75/EBE frá 13. september 1993 um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan bandalagsins (1), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/55/EB (2), einkum 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í skilningi ákvæða e-, g- og h-liðar 2. gr. tilskipunar 93/75/EBE er texti MARPOL-samningsins, IBC-reglnanna og IGC-reglnanna sá texti sem var í gildi 1. janúar 1996.

Frá þeim degi hafa verið gerðar breytingar á MARPOL-samningnum, IBC-reglunum og IGC-reglunum, að því leyti sem þær falla innan ramma Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO).

Breytingar á MARPOL-samningnum, sem samþykktar voru með ályktun MEPC.68(38), öðluðust gildi 1. janúar 1998. Breytingarnar á IBC-reglunum, sem samþykktar voru með reglugerðum MEPC.69(39), MSC.50(66) og MSC.58(67) og á IGC-reglunum, sem samþykktar voru með ályktun MSC.32(63) og MSC.59(67), öðluðust gildi 1. júlí 1998. Breytingarnar á IBC-reglunum, sem samþykktar voru með ályktun MEPC.73(39), öðluðust gildi 10. júlí 1998.

Ályktun A.851(20), sem samþykkt var á þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar 27. nóvember 1997, leysir af hólmi IMO-ályktun A.648(16) þar sem settar eru almennar grundvallarreglur varðandi tilkynningar skipa.

Því er við hæfi að fella þessar breytingar inn í tilskipunina.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 12. gr. tilskipunar 93/75/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 93/75/EBE:

1. Í stað orðalagsins „í því formi sem hann/þær eru 1. janúar 1996“ í e-lið 2. gr. komi „í því formi sem hann/þær eru 1. janúar 1998“.
2. Í stað orðalagsins „í því formi sem hann/þær eru 1. janúar 1996“ í g-lið 2. gr. komi „í því formi sem hann/þær eru 1. janúar 1998“.
3. Í stað orðalagsins „í því formi sem hann/þær eru 1. janúar 1996“ í h-lið 2. gr. komi „í því formi sem hann/þær eru 1. janúar 1998“.
4. Eftirfarandi komi í stað j-liðar 2. gr.
„j) „með IMO-ályktun A.851(20)“ er átt við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar 851(20) sem samþykkt var af þingfulltrúum á 20. fundi hennar 27. nóvember 1997 undir heitinu „Almennar grundvallarreglur varðandi tilkynningakerfi skipa og tilkynningaskyldu skipa, að meðtöldum viðmiðunarreglum varðandi tilkynningar á atvikum þar sem um er að ræða hættulegan farm, hættuleg efni og/eða efni sem menga hafid““.
5. Í stað orðalagsins „ályktun IMO A.648 (16)“ í 2. mgr. 6. gr. komi orðalagið „IMO-ályktun A.851 (16)“.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 12 mánuðum eftir gildistöku hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 276, 13.10.1998, bls. 7, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/1999 frá 28. maí 1999 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB L 247, 5. 10. 1993, bls. 19.

(2) Stjtið. EB L 215, 1. 8. 1998, bls. 65.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 1. október 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neil KINNOCK

framkvæmdastjóri.